

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna (verður 54. gr.):

- a. Í stað orðanna „svæðisstjórn um málefni fatlaðra“ kemur: svæðisskrifstofu málefna fatlaðra.
- b. Í stað orðanna „lög um málefni fatlaðra, nr. 41/1983“ kemur: lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

15. gr.

Í stað orðanna „66. gr.“ í 1. másl. 1. mgr. 65. gr. laganna (verður 63. gr.) kemur: 64. gr.

16. gr.

Við 66. gr. laganna (verður 64. gr.) bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Greiðslu fjárhagsaðstoðar aftur í tímann, sbr. 3. mgr. 21. gr.

17. gr.

Á eftir 67. gr. laganna (verður 65. gr.) kemur nýr kafli, XVIII. kafli, **Ýmis ákvæði**, með einni nýrri grein, svohljóðandi:

Veitt aðstoð til íslenskra ríkisborgara hjá umboðsmönnum ríkisins erlendis og kostnaður við heimferð greiðist úr ríkissjóði. Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglur um aðstoð samkvæmt ákvæði þessu.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Páll Pétursson.

Nr. 35

LÖG

6. maí 1997

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Á bréfsefni, pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum hlutafélaga og útibúa þeirra skal greina heiti, kennitölu og heimilisfang félags, svo og skráningaraðila og hugsanlegt skráningarnúmer, annað en kennitölu. Að því er varðar útibú félags skal auk þess greina hugsanlega skrá og skráningarnúmer félagsins í heimalandi þess. Sé hlutafé tilgreint á þessum skjölum skal tilgreina það hlutafé sem áskrift hefur fengist fyrir og greitt er. Ef heiti hlutafélags eða útibús er notað skal bæta við upplýsingum um gjaldþrotaskipti eða félagsslita-meðferð ef um slíkt er að ræða.

2. gr.

Orðin „og verulega hlutdeild í afrakstri þess“ í 3. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Í stað orðanna „þar til liðið er eitt ár“ í 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: þar til liðin eru tvö ár.

4. gr.

Við 3. mgr. 34. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Birta skal á kostnað tilkynnanda í Lögbirtingablaði aðalefni ákvörðunar hluthafafundar um frávik frá áskriftarrétti hluthafa.

5. gr.

Við 1. mgr. 54. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Hluthafafundur skal þó í öllum tilvikum standa að ákvörðunum um innlausn eigin hluta félagsins ef fullnægjandi heimild af hans hálfu er ekki fyrir hendi skv. 1. másl.

6. gr.

Í stað orðanna „hámark hluta á nafnverði“ í 3. mgr. 55. gr. laganna kemur: hámarksfjöldi hluta.

7. gr.

Síðari málslíður 1. mgr. 99. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Við 2. mgr. 104. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ákvæði 1.–2. másl. eiga þó ekki við um kaup starfsmanna félagsins eða tengds félags á hlutum eða kaup á hlutum fyrir þá. Gætt skal ákvæða 99. gr.

9. gr.

Við 1. mgr. 149. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Þegar breytingar á félagssamþykktum eða stofnsamningi að öðru leyti eru tilkynntar skal leggja fram nýjan heildartexta með innfelldum breytingum. Félagsstjórn eða sá aðili, sem kemur í hennar stað, skal tilkynna upphaf og lok félagsslitameðferðar.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 151. gr. laganna:

- a. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ákvæði 1. másl. taka þó ekki til ráðstafana sem gerðar eru innan sextán daga eftir birtingu ef viðkomandi maður sannar að hann hafi ekki getað aflað vitneskju um það sem birt var.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Ef um misræmi er að ræða milli þess sem skráð er og þess sem birt er í Lögbirtingablaði getur félagið ekki borið hinn birta texta fyrir sig gagnvart þriðja manni. Hann getur hins vegar borið hinn birta texta fyrir sig gagnvart félaginu nema sannað sé að hann hafi haft vitneskju um það sem skráð var.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Finnur Ingólfsson.